

Ávarp

Jón Helgi Egilsson, formaður bankaráðs á 54. ársfundum Seðlabanka Íslands, 26. mars 2015.

Flutt á 54. ársfundum Seðlabanka Íslands, 26. mars 2015.

Forseti Íslands, forseti Alþingis, fjármála- og efnahagsráðherra, innanríkisráðherra, bankastjórnar, sendiherrar erlendra ríkja og aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur velkomin og set hér með fimmtugasta og fjórða ársfund Seðlabanka Íslands.

Núverandi bankaráð var kosið af Alþingi 5. júlí 2013. Bankaráðið kaus Ólöfu Nordal sem formann og þann sem hér stendur sem varaformann. Frá ágústmánuði síðastliðnum hef ég veitt bankaráðinu forystu en tók við formennsku í ráðinu er Ólöf sagði sig úr því í desember síðastliðnum þegar hún tók við embætti innanríkisráðherra. Ég vil fyrir hönd bankaráðsins færa Ólöfu sérstakar þakkir fyrir samstarfið í bankaráðinu og óska henni velfarnaðar í sínu nýja starfi.

Eitt meginhlutverk seðlabanka í heiminum er stjórn peningamála. Seðlabanki Íslands er þar engin undantekning enda meginmarkmið hans að stuðla að stöðugu verðlagi. Með því að beita stjórn tækjum sínum er þess freistað að halda verðbólgu sem næst verðbólgu markmiði en með því er talið að hægt sé að stuðla að jöfnum hagvexti til lengri tíma. Peningamálastjórnunin hefur því í eðli sínu langtímasjónarmið að leiðarljósi sem getur mögulega verið andstætt sjónarmiðum stjórnmalanna til skemmri tíma.

Á síðustu tuttugu árum hefur sjálfstæði seðlabanka heimsins aukist töluvert á sama tíma og þeim eru sett skýrt afmörkuð verkefni og markmið. Árið 2001 var sjálfstæði Seðlabanka Íslands fært til samræmis við þau lönd sem gengu einna lengst í þessum efnunum. Seðlabankinn fékk þá fullt sjálfstæði til að beita þeim tækjum sem hann hafði yfir að ráða til þess að „stuðla að stöðugu verðlagi“.

Árið 2013 var lögum um Seðlabanka Íslands breytt þannig að annað helsta markmið bankans var að stuðla að fjármálastöðugleika. Það er í samræmi við alþjóðlega þróun meðal seðlabanka þar sem talið var að fyrir fjármálakreppuna 2008 hafi of mikil áhersla verið á verðbólgu markmið og að fjármálastöðugleiki þurfi aukið vægi. Samfara því hélt umræðan um sjálfstæði seðlabanka áfram því að sjálfstæðið var fyrst og fremst bundið við fullt forræði yfir framkvæmd peningamálastefnunnar. Slíkar aðstæður sem kalla á sjálfstæði eru ekki endilega taldar eiga við ýmis atriði varðandi fjármálastöðugleika, því þar getur seðlabanki í meira mæli þurft að eiga samstarf við stjórnvöld eða aðrar stofnanir hins opinbera.

Kenningin um sjálfstæði seðlabanka á því fyrst og fremst við um peningamálastjórnun og verðbólgu markmið.

Eftir fall bankanna haustið 2008 fjölgaði verkefnum Seðlabankans en þar er bæði um að ræða úrvinnslu á eignum og kröfum og gjaldeyriseftirlit. Þá skal bankinn samkvæmt lögum vera ríkisstjórn til ráðuneytis um allt sem varðar gjaldeyrismál. Seðlabankinn kemur því eðlilega að afnámsferli fjármagnshafta með stjórnvöldum.

En þau viðhorf og sjónarmið, sem í raun ákvarða þær leiðir sem eru valdar í afnámsferlinu, geta haft umtalsverð áhrif á okkar þjóðfélag til langrar framtíðar og eru því í eðli sínu pólitísk. Endanleg ábyrgð á afnámsferlinu hlýtur því ætíð að vera lýðræðislega kjörinna stjórnvalda.

Eins og hér hefur komið fram hefur Seðlabanki Íslands tvö meginmarkmið, það er að stuðla annars vegar að verðstöðugleika og hins vegar að fjármálastöðugleika. Þá hefur bankinn margvísleg önnur mikilvæg verkefni svo sem varðandi fjármálainnviði, varðveislu gjaldeyrisforða og að stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum ef bankinn telur hana ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu um stöðugt verðlag.

Ekki verður annað sagt en að bankanum hafi gengið vel að vinna að meginmarkmiðum sínum á síðastliðnu ári. Verðbólga hjaðnaði og það sem er meira um vert er að verðbólguvæntingar voru undir lok ársins í samræmi við markmiðið.

Seðlabankinn setti nýjar varúðarreglur sem miða að því að búa bankana undir losun fjármagnshafta. Ný lög um fjármálastöðugleikaráð voru samþykkt og leikur Seðlabankinn stórt hlutverk í starfsemi þess og kerfisáhættunefndar sem starfar á þess vegum.

Ársskýrsla bankans sem gefin er út í dag lýsir í stuttu máli fjölbreyttri starfsemi Seðlabankans. Margvísleg útgáfa rita á sviði efnahagsmála og hagtalna eru sem fyrr mikilvægur þáttur í starfseminni.

Fjármála- og efnahagsráðherra staðfesti í dag samstæðureikning bankans fyrir árið 2014 með áritun sinni. Ég mun nú í stuttu máli lýsa fjárhagslegri afkomu og efnahag Seðlabanka Íslands og félaga í eigu hans.

Samkvæmt rekstrareikningi var hagnaður ársins 2014 11,2 milljarðar króna en til samanburðar var 8,3 milljarða króna tap árið á undan. Hreyfingar á gengi gjaldmiðla hafa töluverð áhrif á afkomu bankans. Gengishagnaður á árinu nam 6,2 milljörðum króna samanborið við gengistap að fjárhæð 12,3 milljarðar króna á árinu 2013. Gengishagnaðinn 2014 má að stórum hluta rekja til styrkingar Bandaríkjadals en stærsti hluti eigna bankans umfram skuldir í erlendum gjaldmiðli er í Bandaríkjadöllum.

Eignir Seðlabankans námu um 954 milljörðum króna í árslok 2014 en þær voru um 1.002 milljarðar króna árið á undan. Stærsti hluti eigna Seðlabankans eru erlendar eignir í gjaldeyrisforða en forðinn nam í árslok um 530 milljörðum króna.

Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. hefur haldið utan um eignir vegna veðtöku og kröfur á þrotabú fjármálafyrirtækja sem féllu í skaut Seðlabankans í kjölfar falls bankanna. Á þessu ári voru hins vegar stigin frekari skref til að losa um eignir félagsins. Frá árinu 2009 hefur eignasafnið minnkað úr 490 milljörðum króna í 209 milljarða króna í lok árs 2014. Á sama tíma hefur eigið fé aukist úr einni milljón króna í um 29 milljarða króna.

Með nýju samkomulagi um innkallanlegt eigið fé skuldbindur ríkissjóður sig, á grundvelli heimildar í fjárlögum, til að leggja Seðlabankanum til 52 milljarða króna eigið fé í formi markaðshæfra eigna ef bankinn kallar eftir því til þess að uppfylla lágmarkskröfur um innborgað eigið fé.

Samhliða þessu var gert samkomulag um breytingar á skilmálum skuldabréfsins sem ríkissjóður gaf út í lok árs 2008 vegna yfirtöku ríkissjóðs á hluta veðlána og daglána bankans.

Stofnfé bankans var á árinu lækkað um 26 milljarða króna og þeim fjármunum ráðstafað til lækkunar á höfuðstóli skuldabréfsins. Höfuðstóll skuldabréfsins hefur nú lækkað um tæplega helming frá útgáfu þess eða úr 270 milljörðum króna í 145 milljarða króna í lok desember síðastliðins.

Hagnaði bankans, eftir færslur í varasjóð, skal ráðstafað til ríkissjóðs ef eigið fé er yfir eiginfjármarkmiði Seðlabankans. Bankaráð staðfestir nú á hverju ári ákvörðun Seðlabankans um eiginfjármarkmið sem endurspeglar þörf hans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir. Árið 2015 uppfyllir bankinn eiginfjármarkmið sitt og þess vegna er öllum hagnaði umfram varasjóð ráðstafað til ríkissjóðs, samtals 1,9 milljörðum króna.

Arðgreiðsla bankans til ríkissjóðs vegna ársins 2014 er lægri en undanfarin ár. Það verður hins vegar að setja í samhengi við að innborgað stofnfé bankans var minnkað um 26 milljarða króna um áramótin sem er nokkurs konar arðgreiðsla. Eftir fall bankanna og fjárhagslega endurskipulagningu um áramótin 2008/2009 hefur Seðlabankinn samtals greitt í arð, hagnað af gjaldeyrisviðskiptum og útboðum, og skatt til ríkissjóðs vegna félaga í eigu bankans um 30 milljarða króna og 56 milljarða króna ef áður nefnd lækkun stofnfjár er tekin með. Hér er ekki um litla fjárhæð að ræða enda samsvarar hún um 2,8% af landsframleiðslu 2014.

Innra eftirlit í bankanum hefur á undanförunum árum verið eflt. Úttektir hafa verið gerðar á ýmsum starfspáttum og starfseiningum og niðurstöður þeirra kynntar bankaráði. Eftirlit af þessu tagi er liður í því aukna gegnsæi og ábyrgðarskilum sem kemur til mótvægis við hið aukna sjálfstæði sem seðlabankar hafa fengið.

Í lok árs 2014 voru starfsmenn Seðlabankans samtals 177. Á árinu voru 12 starfsmenn ráðnir til starfa en 14 létu af störfum. Vil ég þakka starfsmönnum bankans fyrir gott samstarf á árinu.

Ágætu fundargestir, ég vil að lokum þakka bankaráðinu, seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra fyrir ágætt samstarf á árinu. Við hlýðum nú á ávarp Bjarna Benediktssonar fjármála- og efnahagsráðherra og að því loknu tekur til máls Már Guðmundsson seðlabankastjóri.